

Siðareglur

Siðareglur þessar gilda um alla starfsemi, starfsmenn, stjórnendur og stjórn Brynju.

Markmið

Reglunum er ætlað að leiðbeina við framkvæmd daglegra starfa með hagsmuni félagsins og viðskiptavina þess og leigjenda að leiðarljósi. Í daglegum störfum er lögð áhersla á eftirfarandi gildi: *Virðing, samvinna og húsnæðisöryggi.*

Almennar starfsskyldur

Starfsmenn Brynju gegna störfum sínum af alúð og samviskusemi, með hagsmuni fyrirtækisins í öndvegi, án tillits til eigin hagsmuna eða persónulegra skoðana. Starfsmenn gæta kurteisi og réttisýni, hafa í heiðri heiðarleika og sanngirni og starfar í anda jafnréttis. Starfsmenn sýna viðskiptavinum og leigjendum virðingu og umburðarlyndi, virða friðhelgi heimila sem fara þarf inn á og rækja störf sín af þjónustulund og ábyrgð. Starfsmenn upplýsa viðskiptavinum um réttindi þeirra og þjónustu fyrirtækisins.

Fagmennska

Starfsmenn gæta þess að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til starfs þeirra á hverjum tíma. Þeir leggja sig fram um að viðhalda faglegri hæfni sinni og þekkingu í starfi og auka við hana og bæta, sjálfu sér og félaginu til hagsbóta. Starfsmenn kynna sér og virða þau lög og reglur sem gilda um starfsemi félagsins og þær innri reglur sem félagið hefur sett sér.

Hagsmunaárekstrar

Starfsmenn forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum og vekja athygli á því ef hættu er á þeim. Þetta á einnig við ef breytingar verða á högum starfsmanna sem gætu valdið slíkum hagsmunaárekstrum. Starfsmenn misnota ekki aðstöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra, hvort sem ávinningur af slíku kemur strax eða síðar, þar með talið eftir að störfum hjá Brynju lýkur. Starfsmenn upplýsa um spillingu, ólögmæta eða ótilhlýðilega háttsemi sem þeir kunna að verða varir við í störfum sínum.

Trúnaður og orðspor

Starfsmenn gæta trúnaðar um upplýsingar sem þeir fá í starfi sínu og gæta þess trúnaðar um. Þessi þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum. Starfsmenn taka ekki þátt í vinnu eða verkefnum sem kastað geta rýrð á orðspor félagsins og dregið úr trausti á því.

Gjafir og fríðindi

Hjá Brynju eru ekki þegnar boðsferðir, gjafir eða önnur fríðindi sem tengjast viðskiptum fyrirtækja eða einstaklinga við Brynju, ef líta má á gjafirnar sem endurgjald fyrir greiða eða sérstaka þjónustu. Brynja heimilar atburði og gjafir í hófi eins og almennt tíðkast hjá fyrirtækjum.

Reglur þessar tóku gildi þann 28. september 2023.